

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 80/2020

frá 12. júní 2020

um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/348 frá 25. október 2018 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreindar eru viðmiðanir til að meta hvaða áhrif vanskil stofnunar hefur á fjármálamarkaði, aðrar stofnanir og á skilyrði til fjármögnunar ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1624 frá 23. október 2018 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar málsmeðferðarreglur og stöðluð eyðublöð og sniðmát fyrir tilhögun upplýsingamiðlunar að því er varðar skilaáætlanir fyrir lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1066 ⁽²⁾.
- 3) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1624 fellir úr gildi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/1066 ⁽³⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 4) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Viðauka IX. við EES-samninginn verður breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 19bn (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2018/345):

„19bo. **32018 R 1624**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1624 frá 23. október 2018 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar málsmeðferðarreglur og stöðluð

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 63, 4.3.2019, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 277, 7.11.2018, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 181, 6.7.2016, bls. 1.

eyðublöð og sniðmát fyrir tilhögun upplýsingamiðlunar að því er varðar skilaáætlanir fyrir lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1066 (Stjtið. ESB L 277, 7.11.2018, bls. 1).

Ákvæði framkvæmdarreglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Í 9. gr., að því er varðar EFTA-ríkin:

- i) í 1. mgr. koma orðin „á gildistökuári ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2020 frá 12. júní 2020“ í staðinn fyrir „2018“ og í staðinn fyrir „2019“ kemur „ársins eftir gildistöku ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2020 frá 12. júní 2020“;
- ii) í 2. mgr. koma orðin „ársins eftir gildistöku ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2020 frá 12. júní 2020“ í staðinn fyrir „2019“ og í staðinn fyrir „2020“ kemur „á síðara árinu eftir gildistöku ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2020 frá 12. júní 2020“.

19bp. **32019 R 0348**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/348 frá 25. október 2018 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreindar eru viðmiðanir til að meta hvaða áhrif vanskil stofnunar hefur á fjármálamarkaði, aðrar stofnanir og á skilyrði til fjármögnunar (Stjtið. ESB L 63, 4.3.2019, bls. 1).“

2. Texti liðar 19bc (framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 2016/1066) fellur brott.

2. gr.

Norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/348 og framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/1624, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 13. júní 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 237/2019 frá 27. september 2019 ⁽⁴⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(4) Verður birt.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 12. júní 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

ÓOPINBER ÞÝÐING